

— Afrýjandi W. Ó. Breiðfjörð greiði stefnda Oddi Gíslasyni fyrir hönd Örsteds Parkens Kuranstalt ennfremur 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi. —

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 14/1902:

Ben. S. Þórarinsson

gegn

Oddi Gíslasyni fyrir hönd H.

B. Fogtmanns Efterfølger.

D ó m u r:

Eftir að kaupmaður Ben. S. Þórarinsson í Reykjavík og H. B. Fogtmanns Efterfølger í Kaupmannahöfn höfðu haft verzlunarviðskifti í nokkur ár, höfðaði Oddur Gíslason málflytningismaður í umboði H. B. Fogtmanns Efterfølgers mál gegn Ben. S. Þórarinssyni til lúkningar á 115 kr. 78 aur., sem hinn fyrnefndi taldi til skuldar hjá hinum síðarnefnda, en af sinni hálfu höfðaði Ben. S. Þórarinsson gagnsök gegn H. B. Fogtmanns Efterfølger til greiðslu á 70 kr. 35 aur., sem hann á sína hlið þóttist eiga inni hjá H. B. Fogtmanns Efterfølger. Málum þessum var ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttar í Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 6. marzm. f. ár, á þá leið, að Ben. S. Þórarinsson skyldi greiða Oddi Gíslasyni

fyrir hönd H. B. Fogtmanns. Eftirfølger 35 kr. 28 aur., með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags; svo var hann og fyrir ósæmilegan rithátt dæmdur til að greiða 5 kr. sekt til landssjóðs og 5 kr. sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur, en málskostnaður var látinn falla niður bæði í adalmálinu og gagnsökinni. —

Þessum dómi hefir Ben. S. Þórarinnsson kaupmaður áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 10. maí f. ár, og krafist þess hér fyrir réttinum, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kærnum og kröfum sækjanda (H. B. Fogtmanns Eftirfølger's), og að Oddur Gíslason verði fyrir hans hönd dæmdur til að greiða sér 70 kr. 35 aura með 6% vöxtum frá gagustefnuudegi, að sami verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum alt að 100 kr., eða einhverja hæfilega upphæð eftir réttarins mati, svo og sekt fyrir óþarfa málsýfingu og rangar fjárkröfur, og að sektin fyrir ósæmilegan rithátt verði feld niður. —

Af sinni hálfu hefir máflutningsmaður Oddur Gíslason fyrir hönd H. B. Fogtmanns Eftirfølger's krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir réttarins mati. —

Stefndi hefir í héraði lagt fram til réttlættingar skuldakröfu sinni viðskiftareikning (Contocourant) við áfrýjanda fyrir árið 1900, og ettir honum gerði hann kröfu til skuldar á hendur áfrýjanda að upphæð 115 kr. 78 aur. Áfrýjandi kannast eigi við þessa skuld, með því að hann heldur

Því fram, að viðskiftareikningur stefnda fyrir árið 1899, sem hinn reikningurinn er áframhald af, sé mjög rangur í ýmsum atriðum, og hefir hann af sinni hálfu lagt fram viðskiftareikninga (Conto-couranta) stefnda fyrir árin 1898 og 1899. Að vísu hefir áfrýjandi hinn 3. marz 1900, er hann var staddur í Khöfn, greitt stefnda 225 kr. 62 aur., sem er nákvæmlega upphæð sú, er stefndi þá þóttist eiga hjá honum, en af þessu verður það eigi leitt, að áfrýjandi hafi þá viðurkent reikninga stefnda rétta, enda eigi sannað, að hann hafi þá rannsakað þá; viðskifti þeirra héldu þá áfram eftir sem áður, og um sama leyti eða litlu síðar hefir áfrýjandi pantað hjá stefnda vörur fyrir 233 kr. 50 aur. Eftir öllum málavöxtum þykir eigi heldur ástæða til þess að álita, að áfrýjandi hafi komið of seint fram með mótmæli síu gegn viðskiftareikningnum, svo að hann nú sé útilokaður frá að halda þeim fram. Það þykir verða að taka skýrslu hans í þessu efni til greina um það, að hann hafi gert athugasemdir við reikningana svo fljótt, sem honum eftir atvikum var unt. —

Eftir hinum framlagða viðskiftareikningi fyrir 1898 var skuld áfrýjanda til stefnda hinn 31. desbr. 1898 4 kr. 5 aur., en í viðskiftareikningnum fyrir 1899 er skuldin talin 1. jan. 1899 22 kr. 19 aur.; áfrýjandi telur mismuninn, 18 kr. 15 aur., sér oftalinn til skuldar, og verður að fallast á það, með því að stefndi hefir eigi réttlætt þessa skekkju. — Þá er í sama viðskiftareikningi fært

áfrýjanda til útgjalda: »Varer ^{27/8} 1898 11 kr. 23 Öre«. Þessar vörur tjáist áfrýjandi aldrei hafa beðið um né fengið, og hefir stefndi eigi hnekt þeirri neitan hans. Áfrýjandi verður því eigi dæmdur til að greiða þessa upphæð. — Þá telur áfrýjandi að því, að stefndi hafi 6. marz 1899 fært sér til inngjalda 59 kr. 90 aur. í staðinn fyrir 60 kr., og sé þar um 10 auru reikningshalla að ræða sér í óhag, og hefir þessu ekki verið mótmælt. Hinn 12. febr. sama ár segist áfrýjandi hafa sent stefnda 2 tómar brennivinstunnur, sem eigi hafi verið færðar sér til inntektar, og telur hann verð þeirra 9 kr. 60 aur. 14. apríl s. á. vidurkennir Fogtmanns Efterfølger að hafa meðtekið þessar tunnur, telur verð þeirra 10 kr., en kostnað við þær (viðgerð og flutningskostn.) kr. 1,65; þó að áfrýjandi hafi mótmælt þessum kostuði, þykir rétt að draga hann frá verði tunnanna, því að eigi er ástæða til að efa, að hann hafi áfallið, en verð tunnanna að honum frádregnum, kr. 8,35, er fært áfrýjanda til inngjalda í viðskiftareikningi 14. apríl 1899. Krafa áfrýjanda að því er snertir þessar tunnur verður því ekki til greina tekin. — Enn hefir áfrýjandi fundið það að viðskiftareikningnum, að sér séu þar eigi taldir til inngjalda 50 mjölsekkir tómir, sem hann tjáist hafa endursent stefnda 1. maí 1899, og sé verð þeirra 25 kr., eða 50 auru hver. Það er nú sannað í málinu, að stefndi hefir meðtekið þessa 50 sekki, og kemst hann, Fogtmanns Efterfølger, svo að orði um þetta í bréfi til áfrýjanda, dags. 27.

mal 1899: »Þar á móti neitar V. Lund (☉: mjöl-salinn) að taka á móti sekkjunum, þar eð það eigi sé hans (☉: skylda). Eg hefi notað 30 sekki undir mjölið, og hefi þannig 20 sekki eftir«. Þó að stefndi væri verzlunar-umboðsmaður (Commissionær) áfrýjanda, sem hann þá var, þá leiddi eigi þar af, að hann væri skyldur til þess að kaupa aftur af áfrýjanda umbúðir (Embassage), sem frá honum fóru til áfrýjanda utan um verzlunarvörur, nema því að eins, að sérstaklega væri samið um það. En að svo hafi verið, sést eigi í þessu máli. Stefnda hlaut að vera heimilt að nota sekkina, eins og hann gjörði, undir annað mjöl, er hann síðar sendi áfrýjanda, og að geyma afganginn af þeim til frekari ráðstöfunar áfrýjanda. Krafa áfrýjanda út af sekkjum þessum verður því eigi tekin til greina.

Þar sem undirréttardómurinn hefir að öllu leyti tekið til greina kröfu áfrýjanda um niðurfærslu á reikningi stefnda sakir óheimillar verðhækkunar á mjöli, og þar sem að öðru leyti eigi eru fram komnar frekari aðfinslur af hálfu áfrýjanda við reikninga stefnda, en að framan er talið, verða úrslit málsins þau, að frá dómskuldinni, 35 kr. 28 aur., verður eftir framanrituðu að draga kr. 18. 15+kr. 11,23+kr. 0,10, eða alls 29 kr. 48 aur., og verður samkvæmt þessu að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 5 kr. 80 aur. með 5% vöxtum frá suttakærudegi til borgunardags. — Eftir atvikum skal málskostnaður falla niður fyrir báðum réttum. Þar sem áfrýjandi hefir í sóknar-

skjölum sínum fyrir bæjarþingsréttinum viðhaft orðin: »afturhluta-sóknarskjal, snúðra, vingl«, og hefir verið sektaður fyrir af undirdómaranum, þá þykir hann eigi sektarverður fyrir þessi óviðkunnanlegu orð, hvorki eftir þýðingu þeirra, né sambandi því, er þau voru viðhöfð í. — Kröfu áfrýjanda um sekt fyrir þarflausa málsýfingu á hendur stefnda þykir ekki ástæða til að taka til greina.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi Benedikt S. Þórarinsson greiði stefnda Oddi málflutningsmanni Gíslasyni fyrir hönd H. B. Fogtmanns Eftirfólger 5 kr. 80 aur. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. — Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum —.

Mánudaginn 7. septembermánaðar.

Nr. 32/1903:

Hannes ritstjóri Þorsteinsson
gegn

Jóni yfirdómara Jenssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði Jón yfirdómari Jensson fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, samkvæmt skipun landshöfðingja og að fenginni gjafsókn, gegn ábyrgðarmanni bládsins »Þjóðólfs«, Hannesi Þorsteinssyni,